

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir ekknasjóð Árneshrepps í Strandasýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 28. febr. 1935. Skipulagsskráin er þannig: 17

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir ekknasjóð Árneshrepps í Strandasýslu.

1. gr.

Frumeyrir sjóðsins er kr. 1222.00 — eitt þúsund tvö hundruð tuttugu og tvær krónur —, sem skulu geymdar og ávaxtaðar í Söfnunarsjóði Íslands.

2. gr.

Sveitarstjórn Árneshrepps hefir stjórn sjóðsins með höndum undir eftirliti sýslunefndar Strandasýslu.

3. gr.

Sjóður þessi skal standa óhreyfður, þannig að allir vextir leggist við höfuðstólinn til ársins 2053, en þá eru liðin tvö hundruð ár frá fæðingu minni.

4. gr.

Árið 2053 skulu í fyrsta sinn $\frac{3}{4}$ hlutar vaxtanna veittir bágstöddum ekkjum í Árneshreppi, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxta leggist við höfuðstólinn og skal svo gert framvegis á ári hverju.

5. gr.

Sveitarstjórn Árneshrepps úthlutar styrknum eftir því sem hún þekkir þarfir og verðleika umsækjenda, þó ekki minni en kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — í stað á ári, en áliti sveitarstjórnin fjárins ekki þörf í nefndu augnamiði, skal henni heimilt að nota það til uppeldis munaðarlausum börnum innan fimmtán ára aldurs.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ófeigsfirði, 13. júlí 1930.

Guðm. Pétursson.